

Samfélags- og náttúrugreinar

Kennarar: Sigríður Sif Grímsdóttir; Sigurborg Geirdal

5

Skólaárið

Veturinn 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Í náttúrufræði er farið yfir flóru/lífriki og jarðsögu Íslands, hafstrauma og veður ásamt mannslíkanum.

Í sögu er farið í sögu Leifs heppna.

Í landafræði er fjallað landið Íslands og samfélagið.

Í lífsleikni er farið í grunnþarfir, sáttmálagæði, hlutverk og samskiptafærni.

Trúarbragðafræði, farið er í kristintöku Íslendinga árið 1000.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Náttúrufræði:

Unnið er með mannslíkamann.

Unnið er með einkenni árstíða og veðurfar á Íslandi, hafið umhverfis landið og hvernig það nýtist sem auðlind fyrir þjórarbúið. Nemendur fræðast líka um aðrar auðlindir sem við búum að. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi umhverfisverndar og verndar á náttúruauðlindu

Fjallað er um þau náttúruöfl sem við Íslendingar búum við.

Unnið er með lífið á landi. Nemendur fræðast um hraunið, skóginn, jarðveginn, valllendi, votlendi, móa, mela og berangur, hálendið, manngert umhverfi, við sjóinn og það líf, ræktun og þann gróður sem á þessum stöðum er að finna.

Samfélagsfræði:

Í sögu er fjallað um Leif heppna, flutningana til Íslands og Grænlands og landafundi. Námsbókin er lesin með nemendum og rædd. Við lok lesturs og umræðna verður sett upp leikrit tengt sögunni.

Í landafræði er bókin *Ísland - Hér búum við* lesin og rædd. Unnið er með orðaforða og vinnubók. Í lokin er hópavinna þar sem nemendur fjalla um valda staði á landinu.

Í trúarbragðafræði horfum við á myndband með kynningu á kristinni trú tengjum kristnitöku Íslands inn í leikritið um Leif heppna.

Í lífsleikni byrjum við á að vinna sáttmála og skilgreinum hlutverk innan skólans og vaxandi hugarfar. Unnið er með þarfir og önnur verkfæri til að eiga betri samskipti með því að halda reglulega bekkjarfundir og fara í hópeflisleiki.

Námsmat

Við metum stöðugt ástundun og þau verkefni sem nemendur eru að vinna að hverju sinni með ólíkum aðferðum eins og hópavinnu, með jafningjamati, með verkefnavinnu o.s.frv.

Náttúrufræði: Mat á þeim verkefnum sem unnin eru í tengslum við námsefnið.

Samfélagsfræði: Mat á ástundun og uppsetningu leikrits. Ásamt því er metin sú vinna sem unnin er í tengslum við landafræði. Í lífsleikni er metin lykilhæfni þvert á allar námsgreinar.

Námsgögn

Náttúrufræði: Náttúrlega 1

Samfélagsfræði: Ísland - Hér búum við, Leifur heppni, Kristin trú (myndband), Uppeldi til ábyrgðar mappa, Geðrækt og vellíðan nemanda verkefnabanki. Verkfærakistan (Kvan)